

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 58/1994

Bjarni Magnússon

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

bæjarstjóranum á Seyðisfirði

f.h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs

(Árni Halldórsson hrl.)

Verksamningur. Stjórnsýsla. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.145.013,90 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. september 1991 til greiðsludags, 278.045 krónur í málskostnað í héraði og enn fremur málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda ásamt ferðakostnaði.

Með hliðsjón af 2. mgr. 47. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 og 32. gr. hafnarreglugerðar fyrir Seyðisfjarðarkaupstað nr. 151/1962, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli, og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Magnússon, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f.h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 9. desember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Bjarni Magnússon, nnr. 1225-4202, á stefnudegi til heimilis að Álflheimum 42, Reykjavík, en nú búsettur í Ólafsvík, höfðað fyrir bæjarþingi Seyðisfjarðar með stefnu, út gefinni 6. desember 1986, birtri 13. desember 1986, á hendur bæjarstjóranum á Seyðisfirði, Þorvaldi Jóhannssyni, nnr. 9813-0101, Botnahlíð 33, Seyðisfirði, fyrir hönd Seyðisfjarðar-kaupstaðar. Þann 14. febrúar 1987 var með bókun í bæjarþingsbók viðurkennd aðild hafnarsjóðs Seyðisfjarðar og sömuleiðis við munnlegan málflutning þann 29. nóvember 1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hafnarsjóður Seyðisfjarðar og bæjarjóður Seyðisfjarðar verði óskipt dæmdir til að greiða sér kr. 1.145.013,90 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 13. september 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar, kr. 278.045,00, samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Er hér um endanlegar dómkröfur stefnanda að ræða eins og þær koma fram á dóm skjali nr. 23 og er þar nánar útlistað hvernig stefnuþfjárhæðin er fundin.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Til vara er krafist lækkunar á stefnukröfunni, bæði höfuðstól og vöxtum, og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir.

Í marsmánuði árið 1983 bauð Seyðisfjarðar-kaupstaður út verk við smábátahöfnina á Seyðisfirði, m.a. um dýpkun hafnarinnar. Tvö tilboð bárust í verkið, þar af annað frá stefnanda, að fjárhæð kr. 877.000,00 auk verðbóta. Tilboði stefnanda í verkið var tekið. Gerður var verksamningur milli hafnarsjóðs Seyðisfjarðar sem verkkaupa og stefnanda sem verktaka, og var hann undirritaður af aðilum hinn 13. apríl 1983.

Stefnandi taldi að komið hefði í ljós að verkið hefði verið mun umfangsmeira en ráð hefði verið fyrir gert í útboðsgögnunum og gengið hefði verið út frá við tilboðsgerðina. Gerði hann því stefnda viðbótarreikning fyrir hinum meinta kostnaðarauka, að fjárhæð kr. 180.000,00. Reikningur þessi, sem stílaður er á hafnarsjóð Seyðisfjarðar, er ódagsettur, en ber ártalið 1983 og hljóðar upp á „akstur með umframefni úr höfninni inn á innri höfn, 300 bílar á kr. 600/stk. eða samtals kr. 180.000,00“.

Ekki liggja fyrir réttinum upplýsingar um það hvenær reikningi þessum var framvísað að hálfu stefnanda, en annar reikningur liggur fyrir í réttinum þar sem virðist vera um að ræða lokauppgjör aðila vegna verksins og er sá reikningur samþykktur af Sigurði Jónssyni, eftirlitsmanni verkkaupa, hinn 26. september 1983 með útgáfudegi 29. september 1983 en óundirritaður af verktakanum.

Á fundi hafnarnefndar Seyðisfjarðar hinn 13. desember 1985 var mál stefnanda til meðferðar og kom þá m.a. fram að reikningur hans vegna meints umframmagns hafi komið fram á árinu 1984. Lyktir þessa fundar urðu þær að hafnarnefnd bókaði að hún óskaði eftir því við Verkfræðiskrifstofu Austurlands, Svein Þórarinsson, að hann tæki að sér að skoða mál Bjarna Magnússonar. Átti Bjarni samkvæmt niðurstöðu fundarins að tilnefna annan mann og þessir tveir aðilar að leggja fram tillögu í málinu sem síðan yrði borin undir hafnarnefnd.

Þegar þessi ákvörðun var bókuð virðist stefnandi hafa verið farinn af fundinum.

Daginn eftir þennan fund segist stefndi, Þorvaldur Jóhannsson bæjarstjóri, sem jafnframt er framkvæmdastjóri hafnarnefndar, hafa haft samband við Svein Þórarinsson, verkfræðing á Egilsstöðum, og falið honum að ganga frá tillögu að samkomulagi við stefnanda um aukagreiðslu fyrir verk-ið, allt í samræmi við fundargerð hafnarnefndar.

Sveinn Þórarinsson taldi hins vegar, að sér væri falið umboð til að ganga endanlega frá samningi um lokauppgjör vegna þessa verks við stefnanda. Hann gerði sama dag, 14. febrúar 1985, samkomulag við stefnanda um lokauppgjör svohljóðandi:

„Samkomulag um lokauppgjör vegna útboðsverks sem Bjarni Magnússon tók að sér við smábátahöfn á Seyðisfirði fyrri hluta árs 1983.

Samningsaðilar hafa orðið sammála um að leysa ágreiningsefni sín vegna hleðslu grjótgarða og fleiri atriða við gerð smábátahafnar á Seyðisfirði.

Heildargreiðsla sem fullnaðaruppgjör vegna þessa ágreinings er kr. 120.000,- sem verðbætist í samræmi við upphaflegan verðbótagrunn verksins til þessa dags með 68% verðbótum.

Samningsaðilar eru sammála um að með þessu samkomulagi falli öll ágreiningsefni niður út af þessu verki.

Egilsstöðum, 14/2 1985.

Sveinn Þórarinsson (sign)

Bjarni Magnússon (sign)

Vottar:

Jón Magnússon (sign)

Óli Metúsalemsson (sign).“

Hinn 18. febrúar 1985 kom hafnarnefnd Seyðisfjarðar saman á ný og fjallaði um mál stefnanda. Var þá m.a. bókað:

„Borist hefur bréf dags. 14. febrúar undirritað Sveinn Þórarinsson og Bjarni Magnússon. Þar kemur fram tillaga að lokum þessa máls.

Tillagan var samþykkt.“

Þann 25. febrúar 1985 kom bæjarstjórn Seyðisfjarðar saman og var þá tekin fyrir fundargerð hafnarnefndar frá mánudeginum 18. febrúar 1985. Var þá m.a. bókað:

„Vegna ófullnægjandi upplýsinga fyrir bæjarfulltrúa varðandi mál Bjarna Magnússonar sbr. samkomulag vegna lokauppgjörs er þess farið á leit að bæjarstjórn fresti atkvæðagreiðslu í þessu máli.

Óskað verði umsagnar bæjarverkfræðings og greinargerðar með tillögu að lokauppgjöri frá Sveini Þórarinssyni.

Tillagan var samþykkt.“

Sveinn Þórarinsson verkfræðingur skilaði síðan greinargerð, dagsettri 12. apríl 1985.

Mánudaginn 22. apríl 1985 kom hafnarnefnd enn á ný saman og lá þá greinargerð Sveins fyrir. Klofnaði nefndin í álitinu sínu og vísaði meiri hlutinn tillögu, sem þá kom fram, til bæjarstjórnar til umfjöllunar. Efnislega gekk tillaga þessi út á, að tillaga Sveins Þórarinssonar verkfræðings að samkomulagi yrði samþykkt með lækun verðbóta úr 68% í 30%.

Tillaga þessi kom til umfjöllunar á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hinn 24. maí 1985 og var felld með 7 atkvæðum gegn 2.

Stefnandi fól þá lögmanni innheimtu kröfu sinnar, og sendi hann bæjarstjóranum á Seyðisfirði innheimtubréf, dags. 13. ágúst 1985.

Hafnarnefnd Seyðisfjarðar kom saman hinn 27. ágúst 1985. Fjallaði hún um innheimtubréf lögmannsins og vísaði til afgreiðslu bæjarstjórnar frá 24. apríl 1985 á tillögu að samkomulagi og að þar hafi henni verið hafnað. Afrit af fundargerð þessari var sent lögmanninum.

Lögmaðurinn höfðaði síðan mál fyrir bæjarþinginu sem dómtekið var hinn 20. júní 1988 og dæmt hinn 9. júlí sama ár. Í Hæstarétti var dómurinn og málsmeðferðin ómerkt frá þinghaldi 19. júní 1988 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málsástæður.

Stefnandi byggir mál sitt á því að við framkvæmd verksins hafi komið í ljós að umfang þess hafi verið mun meira en ráð hafi verið gert fyrir og því hafi brostið forsendur fyrir lágu tilboði hans. Hafi staðið í samningaþrefi um þetta allt til þess er samningar hafi tekist í febrúar 1985 er bæjarstjóri hafi gefið verkfræðingi bæjarins, Sveini Þórarinssyni, fyrirmæli um að gera við stefnanda samkomulag um lokauppgjör, þ. e. samning, dagsettan 15. febrúar 1985, er byggt sé á í máli þessu. Byggir hann á því, að enda þótt fjárhæðir samkomulagsins séu til muna lægri en stefnandi hafi talið sig þurfa að fá til að sleppa skaðlaus vegna verkaukans frá verkinu, hafi hann undirskrifað hann með verkfræðingi bæjarins, enda fullviss um að samningurinn héldi, með því að honum hafi verið kunnugt um að efnisinnihald og fjárhæðir samkomulagsins væru milliliðalaust komin frá bæjarstjóra til bæjarverkfræðings og með samkomulaginu væru öll ágreiningsefni vegna hins tilgreinda verks leyst í eitt skipti fyrir öll. Með því að stefnandi hafi talið að hann hafi með réttu mátt líta á hið undirskrifaða samkomulag sem hvern annan uppáskrifaðan, greiðslusamþykktan reikning þar til bærs aðila á hendur Seyðisfjarðarkaupstað, telji hann greiðslueindaga hafa verið við næstu mánaðamót eftir undirskrift, þ.e. 1. mars 1985, enda hafi aldrei verið heimilaður greiðslufrestur. Áður er fram komið að við aðalmeðferð málsins hinn 29. nóvember sl. breytti stefnandi endanlegri kröfugerð sinni og flutti upphafsdag vaxta til 13. september 1985.

Stefndi segir sýknukröfu sína byggða á því:

1. Að stefnandi sé bundinn af verksamningi aðila.
2. Að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að forsendur hans hafi brugðist á nokkurn hátt.

Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda og dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað.

Um varakröfu stefnda sé það að segja að hún sé sett fram ef svo ólíklega færi að dómur félli á þá lund að stefnda bæri að greiða stefnanda einhverja fjárhæð umfram það, sem stefnandi hafi þegar fengið greitt, og þar með vexti af þeirri fjárhæð svo sem dómvenja standi til, en dráttarvaxtakröfu stefnanda sé eindregið mótmælt.

Báðir aðilar vísa um lagarök til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Þá var í málflutningi vísað til hafnarlaga nr. 45/1973 og sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Niðurstaða réttarins.

Við úrlausn þessa máls verður að líta til réttarsambands aðilanna í heild eins og til var stofnað með hinum upphaflega verksamningi. Í verksamningi

aðila frá 13. apríl 1983 er nákvæm lýsing á réttarstöðu þeirra auk þess sem vísað er til þess, að öll útboðsgögn ásamt undirrituðu tilboði verktaka, dags. 5. apríl 1983, teljist hluti af samningnum.

Verður fyrst fjallað um þá málástæðu stefnanda að forsendur fyrir tilboði hans hafi brostið.

Í útboðslýsingu verkkaupa er sagt, að efnismagn, sem fjarlægt skuli, sé 8000 m³. Í lið 1.5 í útboðslýsingu er fjallað um fyrirkomulag, óski bjóðendur nánari skýringa á einhverjum atriðum, og skyldu væntanlegir bjóðendur skila inn skriflegum fyrirspurnum. Í lið 1.8 í útboðslýsingu er fjallað um þekkingu á aðstæðum. Segir þar að lega vinnustaðar komi fram á teikningum og að ætlast sé til að bjóðendur kynni sér allar aðstæður á staðnum og í nágrenni vinnustaðar. Var þar jafnframt tekið fram að verktaki bæri einn ábyrgð á hugsanlegri vanþekkingu á þessum atriðum og því tjóni sem kunni af því að hljóta.

Í lið 1.9 í útboðsgögnum kemur einnig fram að innifalinn í tilboði sé allur kostnaður, efni, vinna, vélar, áhöld, vinnuaðstaða, tryggingar, flutningar o.s.frv.

Um mælingar á efnismagni, sem snerta uppgjör aðila, er fjallað í lið 2.3 í útboðslýsingu þar sem segir: „Allar mælingar sem snerta uppgjör skulu eftirlitsmaður verkkaupa og verktaki gera sameiginlega. Magntölur útgrafins efnis skal ákvarðað (sic) út frá hæðarmælingum sem eftirlitsmaður verkkaupa og verktaki gera sameiginlega áður en framkvæmdir hefjast og eftir að þeim lýkur.“

Í Íslenskum staðli (skammstafað ÍST) 30-16.1, sem er hluti verksamnings aðila, segir: „Verktaki má engar breytingar gera frá upprætti eða lýsingum nema með skriflegu leyfi eftirlitsmanns og skriflegu samþykki verkkaupa.“ Enn er fjallað um breytingar á verkinu og aukaverk í ÍST 30-16.5, og segir þar: „Allar yfirlýsingar og samningar um breytingar og aukaverk skulu vera skriflegar. Leiðréttingar á samningsupphæðinni fyrir aukaverk og breytingar skulu fylgja því sem næst hinu almenna verðlagi tilboðsins. Verktaki skal framvísa reikningum til samþykktar fyrir slíka aukavinnu strax eftir hverja vinnuviku, þar sem skilmerkilega er tilgreint, hvaða verk eru unnin og samkvæmt hvaða taxa.“

Enn segir í ÍST 30-17.4, sem er hluti af verksamningi aðila: „Gefi eftirlitsmaður fyrirmæli, sem verktaki álitur að hann eigi að fá aukagreiðslu fyrir, skal hann tilkynna það þegar í stað og ekki byrja á aukaverkinu nema skriflegt samþykki liggi fyrir og samið hefur verið um greiðslu.“

Í ÍST 30-28.1 segir að verkinu skuli ekki talið lokið af hálfu verktaka, fyrr en botn hafi verið mældur og eftirlitsmaður hafi viðurkennt hæðarleguna.

Um greiðslur og reikningsskil segir svo í ÍST 30-30.1 að greiðslur fari fram hálfsmánaðarlega eftir á samkvæmt reikningi sem eftirlitsmaður og verkkaupi hafi samþykkt.

Loks segir um greiðslu og reikningsskil í ÍST 30-30.5: „Verktaki skal innan tveggja vikna frá því hann skilaði verki í hendur verkkaupa, senda honum fullnaðarreikning vegna verksins. Á reikningi þessum skal m.a. greina allar kröfur um greiðslur vegna aukaverka og breytinga. Eftir að verktaki hefur gert verkkaupa fullnaðarreikning, getur hann engar frekari kröfur haft uppi.“

Nokkrir verkfundir voru haldnir meðan á verkinu stóð og voru þeir færðir til bókar. Fundir þessir, sem haldnir voru skv. fram lögðum gögnum daganna 25. apríl, 9. maí, 17. maí, 25. maí, 30. maí, 15. júní, 3. júlí, 26. júlí og 8. ágúst árið 1983, fjalla allir um framgang verksins. Hvergi örlar þar á því að verktaki hafi talið sig vanhaldinn um greiðslur né að umfang verksins væri meira en áætlað var í upphaflegum verksamningi. Reyndar kemur fram í bókun frá 25. maí 1983, að Jónas Hallgrímsson óskaði eftir því, „að verktaki flytji til grjót við enda norður-suðurhliðar stálþils, þegar farið verður að vinna við grjótvörn á innri höfn,“ og var Bjarni Magnússon því samþykkur, eins og þar var bókað. Ekki verður ráðið af gögnum málsins hvort þarna var um aukaverk að ræða en a.m.k. sést hvergi krafa frá verktaka um greiðslur fyrir þennan þátt verksins aukalega.

Reikningur sá, sem fyrir liggur í málinu, dagsettur 29. september 1983, er að sögn Sigurðar Jónssonar verkfræðings, eftirlitsmanns verkkaupa, unninn eftir upphaflegum verksamningi aðila og í samræmi við ákvæði hans um fullnaðarreikning og byggður á mælingum sem fram fóru á grundvelli verksamningsins fyrir upphaf verksins og eftir verklok.

Engin vísindaleg mæling liggur til grundvallar ódagsettum reikningi verktaka, og er hann fram kominn einhvern tíma á árinu 1984, eftir því sem helst má ráða af gögnum málsins án þess að sú niðurstaða sé óyggjandi, en reikningur þessi ber ártalið 1983.

Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi því ekki hafa sannað að um verkauka hafi orðið að ræða umfram upphaflegan verksamning aðila sem réttlæti viðbótarreikning hans, né heldur að hann hafi uppfyllt skilyrði verksamningsins um viðbrögð við slíkum verkauka, hafi hann orðið. Er því hafnað þeirri málsástæðu stefnanda að brostið hafi forsendur fyrir lágu tilboði hans í verkið.

Við munnlegan málflutning lagði stefnandi aðaláherslu á að samningar hefðu tekist í febrúar 1985 með aðilum er bæjarstjóri hafi gefið verkfræðingi bæjarins, Sveini Þórarinssyni, fyrirmæli um að gera við stefnanda sam-

komulag um lokauppgjör og hafi þá komist á bindandi samningur milli aðila. Máli sínu til stuðnings vísaði stefnandi til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, einkum 10. og 11. gr.

Aðilum ber ekki saman um það hvað þeim hafi farið á milli um það hversu víðtækt umboð Sveinn Þórarinsson verkfræðingur hafi haft til að fjalla um mál stefnanda fyrir hönd stefnda. Við úrlausn þessa attriðis verður enn að líta til lögskipta aðila í heild.

Ekki leikur vafi á því að þegar hafnarnefnd Seyðisfjarðar ákvað að vísa málinu til Sveins Þórarinssonar var ætlunin sú að hann skoðaði mál stefnanda í heild og gerði um það tillögu að samkomulagi, sem síðan bæri að fjalla um í hafnarnefndinni með eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar, og er í öllum bókunum bæði bæjarstjórnar og hafnarnefndar út frá því gengið að svo hafi verið.

Stefnandi heldur því fram að tilkynning bæjarstjóra til sín um umboð Sveins Þórarinssonar hafi verið orðuð svo að hann hafi mátt líta svo á að Sveinn hefði fullt umboð til að ganga endanlega frá samkomulagi um málið, og hafi Sveinn Þórarinsson einnig litið svo á. Þessu hefur bæjarstjórnin mótmælt og sagt að hann hafi haft fyrir framan sig bókun hafnarnefndar þegar hann ræddi við verkfræðinginn um umboðið. Sveinn Þórarinsson hefur borið fyrir rétti að hann hafi litið svo á að hann hefði fullt umboð til að ganga endanlega frá málinu við stefnanda, svo skuldbindandi væri fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Telja verður með vísan til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að bæjarstjórnin, Þorvaldur Jóhannsson, hafi ekki í þessu tilviki getað, svo bindandi sé fyrir bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, veitt Sveini Þórarinssyni verkfræðingi víðtækara umboð en hann hafði sjálfur, og koma þá til skoðunar ákvæði hafnarlaga nr. 45/1973 og hafnarreglugerðar nr. 151/1962 og sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Af sveitarstjórnarlögum verður ráðið að ályktanir og samþykktir undirnefnda sveitarstjórna skoðast vera tillögur sem þurfa endanlega samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Verði nú enn litið svo á að umboðsmaður stefnda hafi haft umboð en farið út fyrir takmörk þess eins og stefnandi heldur fram, koma til álita ákvæði 11. gr. 1. mgr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Stefnandi heldur því fram að ákvæðið eigi við og að hann hafi verið grandlaus um undirmál þau sem stefndi hafi haft við umboðsmann sinn, og því sé samkomulagið bindandi fyrir stefnda. Heldur hann því jafnframt fram að lokatölur samkomulagsins séu komnar beint frá bæjarstjóra.

Við úrlausn á því, hvað stefnandi vissi eða mátti vita um takmörk um-

boðs Sveins Pórarinssonar, er það fyrst að greina að takmörk umboðsins voru bókuð í fundargerðabók hafnarnefndar, og var honum í lófa lagið að kynna sér það. Þá verður að líta svo á, að frumorsök þess, að verkfræðingi var fengið umboð af hendi bæjarins, hafi verið sú, að verkfræðilegar upplýsingar hafi vantað inn í málið og að bæjarstjóri hefði allt eins getað gengið frá samkomulagi við stefnanda sjálfur ef endanlegar tölur lágu fyrir. Mátti stefnanda vera þetta ljóst.

Loks er það meginregla íslensks réttar að menn geti ekki borið fyrir sig vanþekkingu á lögum sem grandleysisástæðu.

Að öllu þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefnda með öllu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 225.000,00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Lárus Bjarnason bæjarfógeti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Seyðisfirði f.h. hafnarsjóðs og bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 225.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.
